

Stjórnarfundur FASK

30. Fundur 9. desember 2024 kl 10:00

**Mættir : Laufey Guðmundsdóttir, Óskar Arason, Reynir Snær Valdimarsson, Ágúst Elvarsson og
Tinna Rut Sigurðardóttir**

Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey – Víkurbraut 4

**1. Sameiginleg tilnefning ferðamálasamtaka og SAF á fulltrúa með áheyrnaraðild í
svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs 2025-2029**

Stjórn FASK gerir athugasemdir við vinnubrögð og samráðsleysi Vatnajökulspjóðgarðs við hagaðila. Það hefur ekki verið haft samband við FASK né Markaðstofurnar varðandi breytingu á tilnefningu áheyrnarfulltrúa í Svæðisstjórn. Eins má líta svo á að SAF séu ekki ferðamálasamtök á starfssvæði þjóðgarðsins heldur eru þau hagsmunasamtök fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu á landinu öllu. Því má teljast eðlilegra að þeir aðilar sem eiga hagsmuni og starfstöðvar á starfssvæði Vatnajökulspjóðgarðs eigi rödd við borðið í Svæðisstjórn.

2. Viðræður við Vatnajökulspjóðgarð um uppbyggingu á Jökulsárlóni.

Formaður og gjaldkeri mættu á fund með stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs um málið í nóvembermánuði. Á þeim fundi var mikil samstaða og ákveðið að í framhaldinu myndi formaður hafa samband við Fjármálaráðuneytið og Umhverfis, - orku og loftslagsráðuneytið um næstu skref.

Fundi slitið kl 11:00